



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
Sölvhólsgötu 7
150 Reykjavík

Reykjavík 25. janúar 2021

2011055SA GB
Málalykill: 01.42

Efni: Umsögn um grænbók um byggðamál, mál nr. S-274/2020

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda, dags. 29. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um grænbókina.

Almennt

Helstu viðfangsefni gildandi byggðaáætlunar eru að takast á við fækkun íbúa á einstökum svæðum, einhæft atvinnulíf og tryggja að tæknibreytingar og þróun eigi sér jafnframt stað í hinum dreifðari byggðum landsins. Jafnframt er lögð áhersla á greiðar samgöngur og aðgengi að þjónustu. Samband Íslenskra sveitarfélaga hefur stutt þessar áherslur og gerir það enn.

Segja má að vatnaskil hafi orðið við mótun gildandi byggðaáætlunar. Sjónarmiðum sveitarstjórnarstigsins var haldið á lofti í þessari vinnu og ber niðurstaðan þess skýr merki. Í umsögn sambandsins um tillöguna sagði að hér væri án efa komin fram metnaðarfullsta tillaga að byggðaáætlun sem lögð hefur verið fyrir Alþingi til afgreiðslu. Sambandið hefur leitast við að leggja sitt af mörkum til að tillögur í áætluninni verði að veruleika og verður ekki annað séð en að reynslan sýni að byggðaáætlun feli í sér raunhæfar aðgerðir til styrkingar byggða.

Mikilvægt er að leggja áfram áherslu á virkt samráð þvert á ráðuneyti og þvert á stjórnsýslustig til að tryggja breiða aðkomu og sátt um áætlunina og leggja sérstaka áherslu á að skoða hvernig byggðaáætlun geti stutt við slíkt samstarf. Hér má nefna samstarfsverkefni ráðuneyta, sambandsins og fleiri aðila um samþættingu velferðarþjónustu og úttekt á stefnu um menntun fyrir alla.

Við endurskoðun ætti sérstaklega að horfa til þess að byggðaáætlun verði samþætt áætlunum og stefnum sem samþykktar hafa verið á síðustu misserum og einnig áætlunum og stefnum sem nú bíða samþykktar, þannig að þær verði sérstaklega rýndar með byggðagleraugum. Dæmi um nýjar stefnur og áætlanir eru m.a.:

- Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum
- Aðgerðaáætlun um orkuskipti
- Stefna um úrgangsförvarnir
- Áætlun um loftgæði

Jafnframt eru í þágu stefnur og áætlanir um mikilvæg málefni, svo sem menntastefna til ársins 2030, menningarstefna til ársins 2030, aðgerðaáætlun til að efla leikskólastigið, stefna og aðgerðaáætlun um barnvænt Ísland, stefna í félags- og tómstundamálum, lýðheilsustefna, stefna í úrgangsmálum, og viðaukar við

landsskipulagsstefnu. Gildandi framkvæmdaáætlanir koma einnig reglulega til endurskoðunar og er mikilvægt að sinna eftirfylgni með aðgerðum sem þar koma fram og hafa þýðingu fyrir markmið byggðastefnu. Þannig mun framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólk 2017-2021 nú koma til endurskoðunar en í þeirri áætlun eru nokkrar aðgerðir með byggðavinkil m.a. um almenningssamgöngur á milli landshluta og starfsemi landshlutateyma.

Fjármögnun aðgerða er iðulega takmarkandi þáttur við útfærslu aðgerða í einstökum áætlunum. Rík ástæða er því til að hafa augun opin fyrir möguleikum á samfjármögnun aðgerða sem beint eða óbeint tengjast markmiðum byggðaáætlunar.

Áherslur til næstu ára

Af þeim stefnum sem nefndar eru að framan leggur Samband íslenskra sveitarfélaga á þessu stigi mesta áherslu á að auka vægi menntamála í byggðaáætlun. Öllum má vera ljóst að þörf er á skýrari stefnu og aðgerðum til að tryggja jafnrétti til náms um allt land. Þá gæti líka verið áhugavert að skilgreina mælikvarða um aðgang að menntun um allt land, til að fylgja eftir markmiðum byggðaáætlunar. Í samhengi við menntun og nýtingu tækni gæti líka þurft að skoða lagaumhverfið sem getur hindrað framþróun á þessu sviði, svo sem varðandi möguleika á stafræna umgjörð skólahalds.

Hér er að sjálfsögðu skýr tenging við markmið byggðaáætlunar en einnig samlegð við fleiri áætlanir. Má sérstaklega nefna fjarskiptaáætlun með áherslu á að nýta sem best innviði sem byggðir hafa verið með lagningu ljósleiðara. Sem dæmi um möguleg verkefni sem tilefni væri til að ræða í samvinnu við hlutaðeigandi ráðuneyti og stofnanir má m.a. nefna:

- Eflingu skólaláttáttu á landsbyggðinni, með aukinni starfsþróun kennara og stuðningi við ófaglærðra starfsmenn leikskóla
- Samræmda innleiðingu fyrirhugaðra laga um samþættingu velferðarþjónustu í þágu farsældar barna
- Stuðning við stafræn verkefni um þróun menntamála

Fulltrúar sambandsins hafa átt fundi með mennta- og menningarmálaráðuneyti og Menntamálastofnun um mögulegar leiðir til að vinna að ofangreindum markmiðum. Er það eindreginn vilji sambandsins að þessi samtöl leiði til markvissra aðgerða við þá endurskoðun byggðaáætlunar sem nú stendur yfir. Enginn vafi er á að tækifæri eru til að gera betur og því fullt tilefni til að setja slíkar aðgerðir í forgang.

Einnig er tilefni til að vinna að því að skerpa á fleiri áherslum í byggðaáætlun. Á þessu stigi leggur sambandið einkum áherslu á að við endurskoðun byggðaáætlunar verði skoðaðir möguleikar á aðgerðum til að vinna að orkuskiptum í samgöngum, bættu orkuöryggi um allt land og bættri meðhöndlun úrgangs. Einnig er tilefni til að benda á þörf fyrir rannsóknir á aðstæðum aldraðs fólks eftir búsetu og hvort mismunandi þjónustustig í þeim málaflokki hafi áhrif á búsetuval.


Lokaorð

Sambandið lýsir að lokum ánægju með það verklag sem haft er við endurskoðun byggðaáætlunar. Birting grænbókar um málefnið gefur breiðum hópi tækifæri til þess að setja fram ábendingar um málið og veitir jafnframt upplýsingar um hvaða árangur hefur þegar náðst.

Bindur sambandið væntingar við að sú endurskoðun sem nú stendur yfir leiði til þess að byggðaáætlun verði enn markvissara tæki til að stuðla að jákvæðri byggðaþróun og lýsir áhuga á að eiga aðkomu að þeirri vinnu. Æskilegt væri að þessari vinnu ljúki fyrir alþingiskosningar á komandi hausti því ella er hætta á að verkefnið dragist fram á næsta ár.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri